

Borgfirðingur

Stjórnarfundur 8. nóvember 2023

Mættir: Eyþór, Þórdís, Elísabet, Sigurþór, Gunnar og Kristín sem ritaði fundargerð.

Eyþór setti fundinn og stjórnaði honum.

Búið að tala við uppstillingarnefnd sem er að störfum. Komin með nöfn í stjórn. Búið að tala við nefndir og athuga hverjir ætla að vera áfram og hvar vantar. Einnig eru einhverjir sem hafa óskað eftir að vera í nefndum.

þarf að fara að taka frá daga fyrir mót. Komnar dagsetningar fyrir Vesturlandsdeildina og úrtökumótið.

Reiðhöllin: Umræða um verðskrá þegar höllin er leigð út. Er hægt að leggja mikinn aukakostnað á námskeiðin til að borga höllina, hafa lægri leigu þegar fræðslunefnd er með námskeið...? Verður að vera hagnaður eftir námskeið sem gengur til félagsins (sem tekur á sig tap ef er).

Ætti að vera lágmarksgjald á námskeið, fast gjald á mann síðan hægt að bæta á.

þarf að vera skýrt hvert gjaldið er svo fræðslunefnd og reiðhallarnefnd hverju sinni þurfi ekki að finna upp hjólið í hvert sinn.

Tillaga um 1000 kr per þátttakanda á dag í námskeiði. Samþykkt

Kerfið er komið í gang í reiðhöllinni. Virkar vel enn sem komið er. Hægt að aðgang sem virkar ákveðna daga eins og fyrir t.d. námskeið. Gera svo óvirkt.

Rætt um kosti og galla kerfisins.

Búið að klára að dreyna við völlinn. Kostnaðurinn var um 1.400.000.- Styrkurinn fer allur í það verkefni. Sækja síðan aftur um að ári vegna framkvæmda við félagsheimilið.

Styrkurinn frá UMSB kominn. 750.000.-

Reiðvegagerðin við Brennistaði er stopp. Ekki samkomulag við jarðareigendur. Reynir er farinn af svæðinu með tækin. Beðið eftir að formaður reiðveganeftdar komi að utan til leysa málið og/eða finna aðra leið.

Skógræktarfélag Borgarfjarðar hafði samband, óskar eftir að fá að vera í anddyrinu á reiðhöllinni að selja jólatré. Ekkert því til fyrirstöðu. Finna eitthvert hóflegt gjald.

Tillaga frá gjaldkera að borga inn á lánið 1 – 2 milljónir. Þá ættu afborganir að klárast í júní.

Ákveða þarf árgjald, beitargjald o.þ.h. Óbreytt eða ??? þarf að ákveða fyrir aðalfund.

Ákveðið að hætta við uppskeruhátíð en reyna aftur að ári.

Fundi slitið og næsti fundur ákveðinn 22. nóvember.